

Hvalfjarðarsveit, 18. mars 2020

Dalabyggð
/skipulagsfulltrúi
Miðbraut 11
370 Búðardal
Netfang: skipulag@dalir.is

Heilbrigðiseftirliti Vesturlands (HeV) barst erindi þann 11. mars s.l frá skipulagsfulltrúa Dalabyggðar þar sem er óskað eftir umsögn um skipulags- og matslýsingu á endurskoðun á aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016. Verkfræðistofan Verkís hefur unnið lýsinguna fyrir Dalabyggð og fylgdu gögn matslýsingarinnar með erindinu.

Í skipulagslýsingunni er m.a. gerð grein fyrir ástæðum endurskoðunar aðalskipulagsáætlunarinnar, helstu áherslum, forsendum, fyrirliggjandi stefnu, samráði, tímaferli, umhverfismati áætlunar og gildistíma.

Við lestur gagna sem snúa að skipulagslýsingum skoðar HeV aðallega málaflokka sem tengjast neysluvatni, vatnsvernd, fráveitu, sorp- og úrgangsmálum og mengun. HeV hefur farið yfir gögn skipulagslýsingarinnar og gerir ekki athugasemdir við hana en bendir þó á eftirfarandi atriði.


HeV telur að ágætlega sé gerð grein fyrir mikilvægi neysluvatns og vatnsverndar.

Í umhverfismarkmiðum í töflu 6.2 kemur m.a. fram að „ tryggja aðgengi allra að hreinu vatni og sjálfbæra nýtingu þess. Auka vatnsgæði með því að draga úr mengun. Vernda og endurheimta vatnstengd vistkerfi, þ.m.t. fjallendi, skóga, votlendi, ár og grunnvatnsból og stöðuvötn. Umhverfisvísar sem tengist framvindu þessa markmiðs í skipulagslýsingunni eru: fráveita, vatnsgæði, votlendi og mengun. „

Þá er einnig fjallað um neysluvatn í kafla 3.4 (Helstu viðfangsefni og sérstakar áherslur sveitarstjórnar) um auðlindir. : „ Auðlindir. Að tekið verði saman yfirlit yfir helstu auðlindir í sveitarfélaginu, sem tekur m.a. til neysluvatns og áætlaða þörf íbúa og atvinnulífs, m.a. varðandi neysluvatn.

Sameiginleg vatnsveita fyrir stóran hluta íbúa Dalabyggðar kemur úr vatnsbóli í Svíndal. Gera þarf grein fyrir vatnsveitunni í gögnum með skipulagstillögu aðalskipulags sem á að leggja fram á næsta ári. HeV telur að gera þurfi betur grein fyrir áherslum í skipulagslýsingu sem varða fráveitumál og úrgangsmál til framtíðar.

Virðingarfyllt



f.h. Heilbrigðiseftirlits Vesturlands